

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Fáskrúðsfirði



| | | | | |
|----------------------------|-------------------|-------------------------|------------------------|------------|
| Dags eftirlits | 20.6.2012 | Fulltrúi UST | Gottskálk Friðgeirsson | |
| Fyrirtæki | Olíudreifing | Fulltrúi UST | | |
| Heimili | Hólmaslóð 8 - 10 | Tegund eftirlits | Reglubundið | |
| Kennitala | 6606952069 | Flokkur | Olía | |
| Fulltrúi fyrirtækis | Gestur Guðjónsson | ÍSAT nr. | 63.40 | |
| Fulltrúi fyrirtækis | Rónaldur H Zegers | Staðsetning | 736509,507 | 500987,545 |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd var gerð við skráningar í rekstrarhandbók.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Fáskrúðsfirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Bæta má skráningar á eftirliti með olíuskiljum, bæði í sandfangi og olíusöfnunarhólfi. Olíuleifar í fráveitu olíuskilja voru prófaðar með olíuprófi Macherey Nagel og greindist olía ekki með prófinu.

Þrjár olíugeymar eru í steinsteyptri mengunarvarnaþró í stöðinni og hafa þeir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Sjö lagnir í stöðinni, þ.m.t. löndunarlagnir og verksmiðjulögn hafa allar verið þrýstiprófaðar á síðustu fimm árum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar í rekstrarhandbók voru skoðuð.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir, svo og lekavarnir (þró) og olíuskiljur. Loki í frárennsli þróar stóð lokaður. Áfyllingarplön voru skoðuð. Girðingar og hlið voru í lagi.

Ekki er gerð athugasemd við fyrirkomulag í stöðinni.

ATHUGASEMDIR

Athugasemdir: Skráning í rekstrarhandbók/mánaðarblöð

Athugasemd 1: Bæta þarf skráningar á viðhaldi og eftirliti í mengunarvarnabúnaði. Umsjónarmenn stöðvarinnar skulu skrá mælingar sem gerðar eru í sandfangi og olíuhólfi olíuskilja á þar til gerð mánaðarblöð sem Olíudreifing ehf. hefur í notkun

Reykjavík, 03.07.2012

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.